

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 33/1982.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Einari Ólafi Péturssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Páll Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákærvalds. Ágrip barst Hæstarétti 14. maí sl.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því af hálfu ákærvalds, að horfið sé frá tilvitnunum í ákæru til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1968.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er varðar brot ákærða gegn 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 41. gr. laga nr. 40/1968.

Gegn neitun ákærða þykir ósannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur X 4307, og ber að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968.

Refsing ákærða er samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákærði sættist 14. september 1976 á greiðslu sektar og missi ökuleyfis fyrir brot gegn 25. gr. laga nr. 40/1968 og 24. gr. laga nr. 82/1969. Er nú um ítrekað brot að ræða, og ber samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 að staðfesta

ákvæði héraðsdóms um, að ákærði skuli vera sviptur öku-
leyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði á að
vera óraskað. Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunar-
kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkis-
sjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda
síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Ólafur Pétursson, sæti varðhaldi 15
daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis og
greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar
með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og
málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti,
Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00
krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnassýslu 11. júlí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu
höfðað með ákæru, dags. 4. júlí 1980, á hendur Einari Ólafi
Péturssyni bifreiðarstjóra, Eyjahrauni 42 í Þorlákshöfn, fædd-
um 7. júlí 1940 á Djúpavogi, „fyrir að aka mánudaginn 12. maí
1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 4307 frá Þorlákshöfn
til Hveragerðis og að neyta áfengis við akstur bifreiðarinnar
í Hveragerði og að aka í beinu framhaldi af því um götur þorps-
ins, uns árekstur varð við bifreiðina R 62612 á Heiðmörk, og að
aka af vettvangi, án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna
slyssins, að Dynskógum 32 þar í þorpinu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 41. gr., sbr.
80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr.
24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Mánudaginn 12. maí 1980, kl. 2325, hringdi Guðbrandur Sigurðsson Heiðarbrún 25, Hveragerði, á lögreglustöðina á Selfossi og tilkynnti um árekstur á Heiðmörk í Hveragerði.

Lögregluþjónar frá Selfossi fóru á staðinn og hittu þar fyrir vitnið Guðbrand Sigurðsson, og sagði hann, að árekstur hefði orðið með bifreið R 62612, sem hann hafði ekið austur Heiðmörk, og rauðri Opel bifreið, X 4307, sem ekið hafði verið vestur Heiðmörkina.

Vitnið Guðbrandur Sigurðsson skýrði nánar frá málsatvikum á þá leið, að hann hafi ekið austur Heiðmörk og verið á hægri vegarhelmingi, en þá hafi hann séð koma á móti sér rauða Opel bifreið, sem hafi verið ekið ógætilega, og þegar bifreiðarnar voru að mætast, hafi Opel bifreiðin lent utan í vinstri afturhurð og aurbretti bifreiðar sinnar með þeim afleiðingum, að minni háttar skemmdir urðu á bifreið vitnisins aftarlega á vinstri hlið.

Vitnið Guðbrandur Sigurðsson skýrði svo frá, að það hafi þekkt ökumann Opel bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu og hafi hann verið blindfullur og með vínflösku í klofinu. Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða um, að hann borgaði tjónið, sem varð á bifreið vitnisins, til þess að mál þetta væri úr sögunni, en vitnið sagði, að ákærði hefði ekki verið til viðtals um þetta og verið hortugur og rifið kjaft og ekið síðan á brott, en vitnið kvaðst þá hafa farið í síma og hringt á lögregluna og þá hafi það misst sjónar af Opel bifreiðinni, og vissi það ekki, hvert ákærði hefði ekið.

Bifreiðarinnar X 4307 var leitað víðs vegar um Hveragerði og Þorlákshöfn án árangurs, og tókst lögreglunni ekki að ná tali af ákærða fyrr en kl. 1608 daginn eftir þann 13. maí 1980, en þá var ákærði yfirheyrður um mál þetta.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglunni þann 13. maí 1980 sagði ákærði, að hann hefði farið að heiman frá sér í Þorlákshöfn um kl. 2300 daginn áður þann 12. maí 1980, og kvaðst ákærði hafa farið til Hveragerðis, þar sem hann ætlaði að gera við bifreiðina í bílskúr Guðmundar Wíium að Dynskógum 32 þar í þorpínu.

Ákærði kvaðst hafa lent í árekstri á leið sinni að Dynskógum 32 í Hveragerði, en hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvar áreksturinn varð. Ákærði sagði, að þarna hafi verið um smávægilegan árekstur að ræða, og kvaðst hann hafa farið út úr bifreið sinni til þess að skoða skemmdir á henni, en þær voru smávægi-

legar, og sagði ákærði, að bifreið mótaðilja hans hefði rispast á hlið.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt mótaðilja sinn, en hann hafi sagt, að ákærði væri fullur. Ákærði kvaðst hafa farið strax af árekstursstaðnum að Dynskógum 32, þar sem hann hafi látið bifreið sína í bílskúrinn, eins og hann hafi ætlað sér, en síðan hafi hann þegið kaffi hjá Guðmundi Wium í Dynskógum 32 og farið þaðan laust eftir miðnætti og þá hafi hann farið niður á Suðurlandsveg, þar sem hann hafi komist í fólksbifreið, sem kom austan Suðurlandsveg og var á leið til Þorlákshafnar. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt þá, sem voru í þessari bifreið, en hann kvaðst hafa farið úr bifreiðinni við Sambyggð í Þorlákshöfn.

Ákærði neitaði því að hafa verið undir áfengisáhrifum, þegar áreksturinn átti sér stað, og kvaðst ákærði þá alls ekki hafa verið búinn að bragða neitt áfengi, en hins vegar kvaðst ákærði hafa fengið sér eitt glas af blönduðu brennivíni, eftir að hann kom heim til sín í Þorlákshöfn um nóttina.

Þar sem framburður ákærða þótti ekki trúverðugur, var hann settur í gæslu að Litla-Hrauni, á meðan vitni voru yfirheyrð um mál þetta.

Miðvikudaginn 14. maí, kl. 1110, var ákærði tekinn til yfirheyrslu vegna máls þessa, og var hann þá spurður um áfengisneyslu sína heima hjá Guðmundi Wium að Dynskógum 32 í Hveragerði að kvöldi 12. maí 1980, og sagði hann, að þar hefði ekki verið haft neitt vín um hönd og sjálfur hafi hann ekki verið með vín og það hafi ekki verið nefnt í samtali þeirra Guðmundar.

Sama dag, kl. 1515, var ákærði enn tekinn til yfirheyrslu. Ákærði lýsti því þá yfir, að hann ætlaði sér nú að segja alveg rétt frá því, sem gerðist að kvöldi 12. maí 1980.

Ákærði kvaðst hafa farið að heiman frá sér í Þorlákshöfn á milli kl. 2100—2200 um kvöldið, og kvaðst hann hafa ætlað að heimsækja kunningja sinn, Sigurð Guðmundsson, sem æki hjá Kristjáni Jónssyni í Hveragerði og búi við Heiðmörk þar í þorpínu. Ákærði kvaðst hafa verið með hálfu flösku af brennivíni hjá sér í bifreiðinni og eftir að hann hafi komið í Hveragerði hafi hann sopið einu sinni eða tvisvar á flöskunni, en hann hafi ekkert fundið á sér af þessu.

Þá sagði ákærði, að þegar áreksturinn hafi orðið, þá hafi hann orðið hræddur við að láta lögregluna komast í málið, af því að

hann var búinn að bragða áfengi og vissi, að áfengislykt mundi vera af sér, og hafi sér þá komið til hugar að fara heim til svila síns, Guðmundar Wíium Stefánssonar, en þar hafi hann fengið að láta bifreiðina inn og eftir það hafi hann farið og fengið sér kaffi hjá Guðmundi. Ákærði sagði, að hann hafi farið inn til Guðmundar með brennivínsflöskuna og þar hafi hann drukkið af henni, en Guðmundur hafi ekki viljað þiggja af sér vín. Ákærði sagði, að Guðmundur hafi boðið sér að vera um nóttina eða hann æki ákærða heim til sín, en ákærði kvaðst hvorugt hafa þegið, en farið gangandi frá Guðmundi að verkstæði Kristjáns Jónssonar, en síðan hafi hann gengið þaðan til Sigurðar Guðmundssonar, sem hafi ekið honum heim til hans í Þorlákshöfn.

Ákærði kom hér fyrir dóminn 17. ágúst sl., og neitaði hann þá að hafa framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali, en kvaðst hinn 12. maí 1980 hafa ekið bifreiðinni X 4307 að bifreiðageymslu Kristjáns Jónssonar í Hveragerði, og kvaðst hann hafa stöðvað bifreiðina þar og farið inn í bifreiðageymsluna til þess að gæta að því, hvort einhver væri þar, en þar var þá enginn. Ákærði kvaðst skömmu síðar hafa farið út í bifreiðina og fengið sér einn eða tvo sopa af óblönduðu brennivíni, sem hann hafi haft meðferðis. Síðan kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni inn í þorpið og ætlað að hitta Sigurð Guðmundsson bifreiðarstjóra, en þar sem ákærði sá ekki ljós í gluggum heima hjá Sigurði, þá ók hann áfram, þar til hann mætti bifreiðinni R 62612 á Heiðmörk, og varð þar árekstur með bifreiðunum, en ákærði kvaðst ekki telja, að hann ætti sök á þeim árekstri og hefði bifreið sín verið nær kyrrstæð, þegar áreksturinn varð.

Ákærði kvaðst hafa tekið mótaðilja sinn í árekstrinum tali og hafi mótaðilinn viljað kalla á lögregluna, en það hafi ákærði ekki viljað, vegna þess að hann taldi sig vera í rétti og auk þess hafi ökumaður R 62612 séð brennivínsflöskuna milli sæta í bifreið ákærða, og taldi ákærði því, að ökumaður R 62612 grunaði sig um ölvun við akstur, en auk þess var ákærði smeykur um, að lögreglan mundi finna af sér áfengisþef. Ákærði kvaðst því hafa farið af staðnum að Dynskógum 32 til Guðmundar Wíium og þar hefðu þeir spjallað saman og ákærði drukkið þar brennivínið, sem hann kom með.

Ákærði hélt fast við þennan framburð sinn, þegar hann mætti hér fyrir dómnum 27. mars sl., en þá var hann spurður nánar um áfengisneyslu sína hjá Guðmudi Wíium þann 12. maí 1980, og kvaðst ákærði hafa komið til Guðmundar með hálfu flösku

af brennivíni og hefðu þeir Guðmundur drukkið það sameiginlega, en Guðmundur hafi átt einhverja lögg af áfengi, sem ákærði kvaðst ekki vita, hverrar tegundar hafi verið, en ákærði kvaðst hafa drukkið eitt eða tvö glös af víni Guðmundar.

Ítrekað aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa kallað á lögregluna, þegar áreksturinn varð á Heiðmörk hinn 12. maí 1980, vegna þess að hann hafi óttast, að lögreglan fyndi af sér áfengislykt og mundi gruna hann um ölvun við akstur, en ákærði vísaði til fyrri yfirlýsinga sinna hér fyrir dómnum um áfengisneyslu, að hann hafi drukkið einn eða tvo litla sopa af óblönduðu víni fyrir utan bifreiðageymslu Kristjáns Jónssonar í Hveragerði, skömmu áður en áreksturinn varð 12. maí 1980, og kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Vitnið Guðbrandur Sigurðsson var yfirheyrður um mál þetta fyrir lögreglunni þann 13. maí 1980.

Vitnið kvaðst laust eftir kl. 2300 kvöldið áður hafa ekið bifreið sinni, R 62612, austur Heiðmörk í Hveragerði og þá hafi það tekið eftir bifreið, sem kom á móti vitninu, og var sú bifreið að sögn vitnisins mjög yfir á götuhelmingi vitnisins, og kvaðst vitnið hafa talið hættu á árekstri með bifreiðunum og því hafi það ekið fast upp að steipta kantinum, sem hafi verið á hægri hönd vitnisins, og kvaðst vitnið hafa stöðvað þar bifreið sína, en rétt á eftir hafi bifreiðin, sem á móti kom, snert vinstri afturhurð og vinstra afturbretti framan við hjól bifreiðar vitnisins. Vitnið sagði, að bifreið mótaðilja síns í árekstrinum hafi verið stöðvuð, og kvaðst vitnið þá hafa farið út úr bifreið sinni og þekkt öku-mann hinnar bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu. Vitnið sagði, að þegar það kom að bifreið ákærða, hafi það sest í fram-sæti hjá ákærða og ætlað að ræða við hann og þá strax séð, að hann var mjög ölvaður og var með brennivínsflösku í sætinu milli læra sinna. Vitnið sagði, að ákærði hafi ekið þá strax af stað og ekið hring um næstu götur og síðan aftur að bifreið vitnisins. Vitnið sagði, að það hafi ætlað að bjóða ákærða að borga tjónið á bifreið sinni upp á það, að vitnið kærði ekki ákærða, en ákærði hafi ekki verið viðmælandi og ekki viljað sættast á málið, og kvaðst vitnið hafa farið úr bifreið ákærða hjá bifreið sinni, en ákærði hafi ekið í burtu, og kvaðst vitnið ekki hafa fylgst með, hvert ákærði fór, en vitnið kvaðst hafa farið og hringt á lögregluna og tilkynnt um áreksturinn.

Vitnið kom hér fyrir dóminn 19. febr. sl., og skýrði vitnið þá frá málsatvikum, eins og það hafði áður gert fyrir lögreglu. Vitn-

ið sagði, að eftir áreksturinn hefði það séð, að ákærði var áberandi ölvaður undir stýri bifreiðar sinnar, og af honum hafi lagt sterkan áfengisþef og ákærði hafi haft græna brennivínsflösku á milli læranna og þegar vitnið hafi farið að ræða við ákærða þarna í bifreið ákærða á árekstursstaðnum, þá hafi ákærði verið þvöglumæltur, og þegar vitnið bauð ákærða að greiða tjónið, sem orðið hafi á bifreið vitnisins, þá hafi ákærði rekið vitnið út úr bifreiðinni og ekið af staðnum. Vitnið kvaðst ekki vera í minnsta vafa um, að ákærði hafi verið fullur. Vitnið sagði, að þegar það sat í bifreið ákærða, hefði Björgvin Ásgeirsson komið þarna að á bifreið og stöðvað hjá þeim ákærða og þá hafi ákærði rétt Björgvini brennivínsflöskuna og boðið honum snafs. Vitnið kvaðst vilja hafa fyrirvara á þeirri fullyrðingu sinni í skýrslu fyrir lögreglu 13. maí 1980, að það telji tvímælalaust, að Björgvin Ásgeirsson hafi séð, í hvaða ástandi ákærði var þarna á árekstursstaðnum, en bæði hafi verið myrkur og rigning, þegar þetta gerðist.

Vitnið Björgvin Ásgeirsson, Heiðmörk 44, Hveragerði, gaf skýrslu um mál þetta þann 13. maí 1980.

Vitnið skýrði svo frá, að það hafi kvöldið áður verið á ferð um Heiðmörk í Hveragerði á bifreið og hefði það þá komið að bifreiðum þarna á götunni og hafi þá vitnið Guðbrandur Sigurðsson verið að fara inn í bifreið, sem ákærði hafi ekið.

Vitnið kvaðst hafa skrúfað niður rúðuna á bifreið sinni og vitnið Guðbrandur kallað til sín og beðið sig um að bíða, en vitnið kvaðst hafa sagt, að það mætti ekki vera að því. Vitnið sagði, að ákærði hafi þá kallað til sín og spurt, hvort vitnið þekkti þennan mann, og sagðist vitnið hafa sagt, að svo væri, en fleira hafi þeim ekki farið á milli, og kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir því, að ákærði væri ölvaður.

Vitnið kom hér fyrir dóminn þann 6. febr. sl., og skýrði vitnið þá efnislega eins frá og það hafði gert fyrir lögreglunni, og aðspurt sagði vitnið, að ákærði hafi ekki boðið sér vín, og vitnið tók fram, að það hafi ekki gert sér grein fyrir því, að þarna hafði orðið árekstur.

Vitnið Guðmundur Wium Stefánsson, Dynskógum 32, Hveragerði, gaf skýrslu um mál þetta fyrir lögreglunni 14. maí 1980.

Vitnið skýrði svo frá, að ákærði hafi komið heim til þess milli kl. 2300 og 2330 að kvöldi 12. maí 1980. Vitnið sagði, að ákærði hafi oft fengið að setja bifreið sína í bílskúrinn hjá vitninu til

viðgerðar og hafi það verið erindi ákærða í þetta skipti, en bensíngeymir ákærða hafi lekið.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði væri ölvaður, en vitnið kvaðst hafa boðið honum inn og þá hafi ákærði spurð, hvort vitnið ætti vín. Vitnið kveðst hafa átt vín og þeir ákærði hefðu drukkið um stund, og kvaðst vitnið trúa, að hvor þeirra hefði drukkið tvö glös af blönduðu brennivíni, en flaskan, sem vitnið átti, hafi verið hálf, þegar þeir hófu drykkjuna, og þegar drykkjunni var lokið, hafi verið slatti í henni.

Vitnið kvaðst aðspurð alls ekki geta fullyrt, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, þegar hann kom heim til vitnisins að kvöldi hins 12. maí 1980.

Vitnið sagði, að ákærði hafi farið frá vitninu milli kl. 0100 og 0200 um nóttina og hafi ákærði þá ætlað heim til sín, en vitnið sagði, að sér væri ekki kunnugt um það, hvernig ákærði komst þangað.

Vitnið kom hér fyrir dóminn föstudaginn 6. febrúar sl., og ítrekaði vitnið þá fyrri framburð sinn fyrir lögreglu, að ákærði hafi komið til þess að kvöldi 12. maí 1980 og hafi ákærði þá beðið vitnið um leyfi til að dytta að bifreið ákærða í bílskúr vitnisins, og sagði vitnið, að ákærð hafi beðið það um vín, og kvaðst vitnið hafa náð í hálfu flösku af brennivíni og hefðu þeir ákærði drukkið það á ca 2 tímum, en þá hafi ákærði farið fótgangandi út í þorpið til þess að hitta einhvern bifreiðarstjóra, sem vitnið kvaðst ekki muna, hvað heitir. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa orðið þess á neinn hátt vart, að ákærði hafi verið ölvaður, þegar hann kom að Dynskógum 32 í greint sinn, og sagði vitnið, að ákærði hafi ekki minnst neitt á, að hann hefði lent í ákeyslu þá skömmu áður, og kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir, að bifreið ákærða hafi orðið fyrir skemmdum.

Vitnið sagði, að þar sem eftir sér væri haft í lögregluskýrslunni, að vitnið geti alls ekki fullyrt, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, hafi þýtt það, að vitnið gæti ekki fullyrt, að ákærði hafi ekki verið búinn að bragða áfengi, þegar hann kom heim til vitnisins, en vitnið vísaði til skýrslu sinnar hjá lögreglunni þann 14. maí 1980 um vitneskju sína um mál þetta.

Vitnið kvaðst hafa átt vínið, sem þeir ákærði drukku að kvöldi 12. maí 1980, og sagði vitnið það vera rangt, sem ákærði sagði hér fyrir dómi 17. ágúst sl., að það hafi verið ákærði, sem kom með vínið til vitnisins, og sagði vitnið, að fullyrðingar ákærða í skýrslu fyrir lögreglunni 14. maí 1980 væru tóm rugl, og ítrek-

aði vitnið, að ákærði hafi beðið sig um vín og ákærði hafi ekki komið með neitt vín heim til vitnisins.

Vitnið Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður, Birki-völlum 24, Selfossi, kom fyrir dóminn 13. febrúar sl.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa gefið fyrirmæli um, að blóð-sýnishorn yrði tekið úr ákærða, þegar það tók ákærða til yfir-heyrslu þann 13. maí, kl. 1600, þar sem ákærði hafi þá strax lýst því yfir, að hann hefði verið við drykkju nóttina áður, og kvaðst vitnið því hafa litið svo á, að það mundi enga þýðingu hafa fyrir málið að taka blóðsýnishorn frá ákærða þá.

Vitnið staðfesti skýrslu sína um mál þetta, dags. 14. maí 1980.

Vitnið Sigurður Guðmundsson, Heiðmörk 38, Hveragerði, kom fyrir dóminn 11. maí sl.

Vitnið sagði, að í fyrravor hafi ákærði komið heim til sín um kl. 0300 um nótt og hafi ákærði beðið sig um að aka honum til Þorlákshafnar, og kveðst vitnið hafa ekið ákærða þangað. Aðspurt um ölvunarástand ákærða sagði vitnið, að ákærði hafi eitthvað verið búinn að drekka áfengi, þegar hann kom til sín, en ekki sé hægt að segja, að hann hafi verið fullur, og hann hafi ekki neytt áfengis, meðan hann var með vitninu, enda hafi hann ekki verið með áfengi.

Aðspurt sagði vitnið, að ákærði hafi ekki minnst á, að hann hefði lent í árekstri kvöldið áður, en það kvaðst vitnið hafa heyrt daginn eftir. Nánar aðspurt um ölvunarástand ákærða, sagði vitnið, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, málróm-ur hafi verið eðlilegur og framkoma róleg, en vitnið kveðst ekki muna, hvernig augu ákærða voru í þetta sinn. Vitnið sagði, að ákærði hafi ekki sagt sér, hvaðan hann hefði komið, og vitnið kvaðst ekki hafa spurt ákærða að því.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn máls þessa, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni X 4307 um götur Hveragerðis í beinu framhaldi af neyslu áfengis þann 12. maí 1980, og telst hann því að hafa neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo sem honum er gefið að sök í ákæru.

Með játningu ákærða, sem studd er framburðum vitnanna Guðbrands Sigurðssonar og Björgvins Ásgeirssonar, þykir sannað, að ákærði hafi á akstri sínum um götur Hveragerðis á bifreiðinni X 4307 hinn 12. maí 1980 lent í árekstri við bifreiðina R 62612 á Heiðmörk og að ákærði hafi ekið af vettvangi án þess að hafa

gert nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins, svo sem ákærða er gefið að sök í ákæru.

Þegar hinn reikuli framburður ákærða er metinn með hliðsjón af framferði hans á árekstursstaðnum og hegðun hans, eftir að hann hafði farið af árekstursstaðnum, verður að telja sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, með tilliti til framburðar vitnisins Guðbrands Sigurðssonar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni X 4307 undir áhrifum áfengis um götur Hveragerðis hinn 12. maí 1980, svo sem honum er gefið að sök í ákæru.

Brot ákærða þykja réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru-skjali.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur samkvæmt sakavottorði í dskj. nr. IV sætt refsingum sem hér segir:

- 1961 26/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага.
- 1961 29/7 í Rangárvallasýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr., 1. mgr., 17. gr., 2. mgr., umferðarlaga.
- 1963 28/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага.
- 1976 14/9 í Árnassýslu: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 1/12 1976.

Sáttin í sakadómi 14. september 1976 hefur ítrekunaráhrif á brot ákærða í máli þessu samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ingólfssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Ólafur Pétursson, greiði kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ingólfssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. október 1982.

Nr. 152/1982. **Örn Forberg**
 gegn
sveitarsjóði Eyrarsveitar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1982, sem barst Hæstarétti 27. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dómtaka málið, eins og það lá fyrir á dómþingi 18. júní 1982.

Varnaraðili hefur engar kröfur gert, og frá honum hefur ekki borist greinargerð samkvæmt 28. gr. laga nr. 75/1973. Hefur þó héraðsdómarinn, Jón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, tilkynnt honum um kærana.

Sérstakar athugasemdir héraðsdómara samkvæmt 27. gr. framangreindra laga hafa eigi borist.

Dómsmál það, sem hér er um að tefla, höfðaði sóknaraðili með stefnu, birtri 4. febrúar 1982, á hendur varnaraðilja til greiðslu skuldar að fjárhæð 3.474.92 krónur auk vaxta. Er skuldin sögð að nokkru vegna oftekinnar húsaleigu eftir skólastjórabústað á tímabilinu 1. janúar — 31. júlí 1981, en að öðru leyti vera vangoldin þóknun til eigin-